

Arnarlax hf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 16. ágúst 2021
UST202103-128/H.S.J.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun og beiðni um upplýsingar, Arnarlax Gileyri.

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 10. ágúst sl. þar sem stofnunin veitti frest til 1. september nk. til að skila tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika sem skráð voru í eftirliti þann 28. júní sl. Þann 10. ágúst sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. 12. gr. efnalaga nr. 61/2013. Við geymslu efna skal sýna fyrirbyggju, aðgát og varkárni þannig að fyrirbyggja megi skaða á heilsu og umhverfi. Rekstraraðili geymir tunnur með formaldehyði og sýru á trébrettum en engar lekavarnir eru til staðar. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hafa lekavarnir verið pantaðar og eru áætluð lok úrbóta 31. ágúst nk.**
2. 12. gr. efnalaga nr. 61/2013. Rekstraraðili skal við geymslu efna sýna fyrirbyggju og varkárni til að fyrirbyggja skaða á heilsu og umhverfi. Maurasýrutankur (bambi) stendur opinn úti og er ekki varinn fyrir veðri né vindum. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hefur tankinum verið lokað, starfsmenn fengið fræðslu og til stendur að færa tankinn í skjól. Áætluð verklok eru 31. ágúst nk.**
3. 41. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Tveir olíugeymar eru á athafnsvæði, báðir við akstursleiðir og án árekstravarna. Annar geymirinn er hvorki tvöfaldur né stendur í lekaþró. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verður fundinn nýr staður fyrir olíugeyma og þeim verður skipt út fyrir tvöfaldan geymi. Áætluð verklok eru 30. september nk. Stofnunin bendir á að árekstrarvarnir þurfa að vera til staðar á nýrri staðsetningu geyma.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en óskar eftir staðfestingu á úrbótum, eigi síðar en 5. október nk.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að upplýsingar um framvindu úrbóta og áætluð verklok vegna frávika sem skráð voru í eftirliti 2019, sem berast áttu fyrir 1. júní sl., hafa ekki borist. Í bréfi bréf dags. 10. ágúst óskaði stofnunin eftir því að upplýsingarnar bærust eigi síðar en samhliða skilum ofangreindrar úrbótaáætlunar. **Umhverfisstofnun ítrekar því að upplýsingarnar skuli sendar eigi síðar en 1. september nk.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur